

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 8.11.2023
UST202302-056/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20.09.2023 – Vegagerðin Reyðarfirði

Þann 20. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengt er olíuskilju. Rekstraraðili **sendir inn nýja úrbótaáætlun** hvað það varðar. **Brugðist hefur verið við frávikum úr eftirliti árið 2022 og hefur þeim öllum verið lokað.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram um að gæta þarf þess að ganga frá lausamunum sem ekki er verið að nota til að lágmarka hættuna á foki og bæta ásýnd. Spottar, borðar og plastbrúsar lágu í þrónni er eftirlitið fór fram.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófanir á lögnum áttu að fara fram árið 2022 en voru ekki framkvæmdar fyrr en í janúar 2023.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. nóvember 2023.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson